

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/49/01		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) – Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðum í Finn-mörku og Norður-Troms (Noregi)	1
2009/EES/49/02		Áætlunarflug innanhéraðs í Finn-mörku og Norður-Troms (Noregi) – Útboð	10
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2009/EES/49/03		Dómur dómstólsins frá 13. maí 2009 í máli E-6/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu	14
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/49/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5519 – E.ON/ Electrabel Acquired Assets)	15
2009/EES/49/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5626 – Adecco/ Spring).	16
2009/EES/49/06		Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer C 18/09 (áður N 360/09) – Endurfjármögnun og endurskipulagning eignasafns KBC – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	17

2009/EES/49/07	Ríkisaðstoð – Austurríki – Málsnúmer C 24/09 (áður N 446/08) – Austurrísk lög um „græna“ raforku – Heimild til að niðurgreiða raforku til stórnotenda – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	17
2009/EES/49/08	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Svíþjóð)	18
2009/EES/49/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Svíþjóð)	18
2009/EES/49/10	Álit framkvæmdastjórnarinnar frá 19. ágúst 2009 um ráðstafanir til að fylgja eftir álitum hennar frá 7. janúar 2008 á tímabundnum ráðstöfunum stjórnvalda í Danmörku vegna hraðvirkra þrýsti-/sogs-öryggisloka með logaskermi af gerðinni HPV sem fyrirtækið Se-won Ind Co. í Kóreu framleiðir	19

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) **2009/EES/49/01**

Ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðum í Finnörku og Norður-Troms (Noregi)

1. Inngangur

Í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽¹⁾ hafa stjórnvöld í Noregi tekið ákvörðun um nýjar almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á eftirfarandi leiðum, og gilda þær frá 1. apríl 2010:

- 1) Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta.
- 2) Hasvik–Tromsø (báðar leiðir), Hasvik–Hammerfest (báðar leiðir), Sørkjosen–Tromsø (báðar leiðir)

2. Ákvæði sem gilda um einstakar leiðir

2.1 *Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta*

2.1.1 *Lágmarksfjöldi ferða, sætaframboð, ferðatilhögun og áætlanir*

Almennar kröfur

- Ákvæðin gilda allt árið.
- Ef krafist er *áætlunarferðar eins flugrekanda* merkir það að flytja ber farþega alla leið innan leiðanetsins sem almannaþjónustukvaðirnar ná til. Lengsti leyfilegi ferðatími í hverri áskilinni *áætlunarferð eins flugrekanda* er hálf fjórða klukkustund frá fyrstu brottför til síðustu landingar.
- Þegar áskilin er tenging við áætlunarflug til og frá Tromsø verða áætlanir að gera farþegum kleift að ferðast til eða frá Tromsø án þess að skipta oftar en einu sinni um flugvél á leiðinni.
- Á leiðum, sem lúta ákvæðum um sætafjölda, skal breytingum á sætaframboði hagað í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka A hér á eftir.
- Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

Ákvæði sem gilda frá mánudegi til föstudags

Alta

- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 550 sæti í flugi bæði til og frá Alta.
- Fljúga skal a.m.k. eina áætlunarferð eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir daglega með einni millilendingu hið mesta. Fyrsta koma til Kirkenes skal vera eigi síðar en kl. 9:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 14:00.

⁽¹⁾ Reglugerð 2408/92 frá 23. júlí 1992 hefur nú vikið fyrir reglugerð 1008/2008 frá 24. september 2008. Reglugerð 1008/2008 hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Lagaheimild fyrir þessu útbæði er því reglugerð ráðsins 2408/92 sem gildir sem norsk reglugerð.

- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Alta eins og áskilið er í þessum texta.

Hammerfest

- Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. fimm á dag frá mánudegi til föstudags.
- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 750 sæti í flugi bæði til og frá Hammerfest.
- Fljúga skal a.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø í báðar áttir. Fyrsta koma úr hvorri átt skal vera eigi síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför eigi fyrr en kl. 18:30.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Hammerfest eins og áskilið er í þessum texta.

Kirkenes

- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 750 sæti í flugi bæði til og frá Kirkenes.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Kirkenes eins og áskilið er í þessum texta.

Vadsø

- Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. níu á dag frá mánudegi til föstudags.
- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 1125 sæti í flugi bæði til og frá Vadsø.
- Fljúga skal a.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir, án millilendinga. Fyrsta koma til Kirkenes skal vera eigi síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00. Fyrsta koma til Vadsø skal vera eigi síðar en kl. 11:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Alta í báðar áttir. Fyrsta koma til Vadsø skal vera eigi síðar en kl. 10:00. Fyrsta koma til Alta skal vera eigi síðar en kl. 10:30. Síðasta brottför frá Vadsø skal vera eigi fyrr en kl. 14:00 og frá Alta eigi fyrr en kl. 15:00.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Vadsø eins og áskilið er í þessum texta.

Vardo

- Fljúga skal a.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir. Síðasta brottför frá Kirkenes skal vera eigi fyrr en sex klukkustundum eftir fyrstu komu til Kirkenes.

Båtsford

Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. fjórar á dag samkvæmt eftirtöldu:

- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir. Fyrsta koma til Kirkenes skal vera eigi síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00.
- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø í báðar áttir. Fyrsta koma til Vadsø skal vera eigi síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

Berlevåg

Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. þrjár á dag samkvæmt eftirtöldu:

- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir. Fyrsta koma til Kirkenes skal vera eigi síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø. Fyrsta koma til Vadsø skal vera eigi síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

Mehamn

Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. fjórar á dag samkvæmt eftirtöldu:

- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Hammerfest í báðar áttir. Fyrsta koma til Hammerfest skal vera eigi síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal vera eigi fyrr en kl. 17:00.
- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø í báðar áttir. Síðasta brottför í hvora átt skal vera eigi fyrr en kl. 16:00.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes í báðar áttir.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

Honningsvåg

Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. fjórar á dag samkvæmt eftirtöldu:

- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Hammerfest í báðar áttir. Fyrsta koma til Hammerfest skal vera eigi síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal vera eigi fyrr en kl. 17:00.
- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø í báðar áttir. Síðasta brottför í hvora átt skal vera eigi fyrr en kl. 16:00.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

Ákvæði sem gilda frá laugardegi til sunnudags**Eftirtalin ákvæði gilda um ferðir samtals á laugardögum og sunnudögum:**

- Sætaframboð skal vera a.m.k. 110 sæti bæði til og frá Alta, a.m.k. 150 sæti bæði til og frá Hammerfest, a.m.k. 150 sæti bæði til og frá Kirkenes og a.m.k. 225 sæti bæði til og frá Vadsø.
- Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. jafnmargar og daglega frá mánudegi til föstudags fyrir Hammerfest, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.
- Fljúga skal a.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda á leiðinni Honningsvåg–Hammerfest í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø frá Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda til Hammerfest frá Båtsfjord, Berlevåg og Mehamn í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda á leiðinni Vadsø–Alta í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda á leiðinni Kirkenes–Alta í báðar áttir.
- Tengingar við áætlunarferðir til og frá Tromsø skulu vera a.m.k. jafnmargar og daglega frá mánudegi til föstudags fyrir Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.

Eftirtalin ákvæði gilda bæði laugardag og sunnudag:

- Tryggja skal eina brottför og komu á hverjum flugvallanna Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest, Kirkenes og Alta.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda á leiðinni Vadsø–Hammerfest í báðar áttir.
- Fljúga skal áætlunarferðir eins flugrekanda á leiðinni Vadsø–Kirkenes í báðar áttir.
- Tryggja skal tengingu við flug bæði til og frá Tromsø fyrir Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.

2.1.2 Gerð loftfars

Í ferðum, sem skylt er að fara, skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

2.2. Hasvik–Tromsø (báðar leiðir), Hasvik–Hammerfest (báðar leiðir), Sørkjosen–Tromsø (báðar leiðir)**2.2.1 Eftirtalin ákvæði gilda um lágmarkstíðni flugferða, sætaframboð, leiðaval og áætlanir á leiðunum Hasvik–Tromsø (báðar leiðir) og Hasvik–Hammerfest (báðar leiðir)**

Ákvæðin gilda allt árið.

Hasvik–Tromsø (báðar leiðir):

- Fljúga skal a.m.k. tvær ferðir daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags og skal a.m.k. önnur þeirra miðast við tengingu við flug á leiðinni Tromsø–Ósló (báðar leiðir).
- A.m.k. ein ferð í báðar áttir á sunnudögum sem miðast við tengingu við flug á leiðinni Tromsø–Ósló (báðar leiðir).
- Frá mánudegi til föstudags skal fyrsta koma til Tromsø vera eigi síðar en kl. 10:00 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 13:30.
- Af daglegum ferðum, sem skylt er að fara frá mánudegi til föstudags, skal a.m.k. ein ferð í hvora átt vera án millilendingar. Í öðrum ferðum er heimilt að millilenda tvisvar og er heimilt að skipta um flugvél í annarri millilendingunni ef tíminn sem í það fer er ekki lengri en 45 mínútur og flugrekandinn sinnir sjálfur allri leiðinni til og frá Tromsø.

Hasvik–Hammerfest (báðar leiðir):

- Fljúga skal a.m.k. eina ferð daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags þannig að koma til Hammerfest sé eigi síðar en kl. 08:30 og brottför frá Hammerfest eigi fyrr en kl. 14:30.

Sætaframboð:

- Vikulegt framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 120 sæti bæði til og frá Hasvik á leiðunum Hasvik–Tromsø og Hasvik–Hammerfest samtals.
- Breytingum á sætaframboði skal hagað í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka A.

2.2.2 Eftirtalin ákvæði gilda um lágmarkstíðni flugferða, sætaframboð, leiðaval og áætlanir á leiðinni Sørkjosen–Tromsø (báðar leiðir)

Ákvæðin gilda allt árið. Skylt er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

Ferðatíðni:

- Fljúga skal a.m.k. tvær ferðir daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags.
- Fljúga skal a.m.k. tvær ferðir í báðar áttir samtals laugardag og sunnudag.

Sætaframboð:

- Framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 190 sæti samtals frá mánudegi til föstudags og a.m.k. 35 sæti samtals laugardag og sunnudag.
- Breytingum á sætaframboði skal hagað í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka A.

Ferðatilhögun:

- Ferðir, sem skylt er að fara, verða að vera án millilendingar.

Áætlanir:

Áskildar ferðir verða að fylgja áætlun sem tengir þær við flugþjónustu á leiðinni Tromsø–Ósló (báðar leiðir).

Að auki gilda eftirtalin ákvæði um ferðir sem skylt er að fara frá mánudegi til föstudags:

- Fyrsta koma til Tromsø skal vera eigi síðar en kl. 09:30 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 19:00.
- Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera eigi síðar en kl. 11:30 og síðasta brottför frá Sørkjosen eigi fyrr en kl. 17:00.

2.2.3 Gerð loftfars

Í ferðum, sem skylt er að fara, skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

3. Ákvæði sem gilda um allar leiðir**3.1 Tæknilegur aðbúnaður og rekstrarskilyrði**

Flugrekendum er bent á að kynna sér sérstaklega tæknilegan aðbúnað og rekstrarskilyrði á flugvöllum. Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til:

Luftfartstilsynet (Flugmálastjórn), Postboks 243, 8001 Bodø, sími + 47 75 58 50 00

3.2 Fargjöld

Hæsta grunnfargjald fyrir forgangssæti (hámarksfargjald) aðra leið á rekstrarárinu sem hefst 1. apríl 2010 má ekki vera hærra en sem hér segir í norsku krónum:

Til	Alta	Berlevåg	Båtsfjord	Hammerfest	Honningsvåg	Kirkenes	Mehamn	Vadsø	Vardø
Frá									
Alta	–	1180	1149	519	1021	1149	1180	1149	–
Berlevåg	1180	–	418	1039	700	827	418	700	–
Båtsfjord	1149	418	–	1039	827	700	519	651	–
Hammerfest	519	1039	1039	–	700	1149	911	1149	–
Honningsvåg	1021	700	827	700	–	1149	519	1039	–
Kirkenes	1149	827	700	1149	1149	–	986	418	550
Mehamn	1180	418	519	911	519	986	–	863	–
Vadsø	1149	700	651	1149	1039	418	863	–	–
Vardø	–	–	–	–	–	550	–	–	–

Engin ákvæði gilda um hámarksfargjald ef þess er ekki getið í töflunni.

Hasvik–Tromsø	1109,-
Hasvik–Hammerfest	519,-
Sørkjosen–Tromsø	590,-

Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skal hámarksfargjaldið leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár (<http://www.ssb.no>).

Flugrekanda er skylt að bjóða miða til sölu á að minnsta kosti einum sölustað í sinni eigu. Flugrekanda ber að sjá til þess að farmiðar séu fáanlegir á öllum sölustöðum flugrekanda á verði sem er eigi hærra en hámarksfargjald.

Ákvæði um hámarksfargjald gilda einnig um farmiða sem seldir eru hjá öðrum fyrirtækjum sem lúta yfirráðum flugrekanda. Ábyrgð á því að slík fyrirtæki virði ákvæði um hámarksfargjald hvílir á flugrekanda.

Í hámarksfargjaldi skulu innifaldar allar álögur hins opinbera svo og hvers kyns viðbótargjöld (þjónustugjöld og þess háttar) sem flugrekandi leggur ofan á við útgáfu flugmiða.

Flugrekandi verður að eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og bjóða alla afslætti samkvæmt þeim samningum.

Flugrekanda ber að selja miða um tölvuvætt farskráningarkerfi.

4. Viðbótarskilyrði í tengslum við útboð

Eftirtalin viðbótarskilyrði gilda í tengslum við útboð sem takmarkar aðgang að leiðunum við einn flugrekanda:

Fargjöld:

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug á vegum bjóðanda, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40 af hundruði af verði forgangssætis.
- Óheimilt er að veita og nýta punkta skv. tryggðarkerfum í þessu flugi.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við leiðbeiningarnar sem fram koma í viðauka B.

Skilyrði vegna flutnings farþega:

- Öll skilyrði, sem flugrekandi setur vegna flutnings farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tengitíma og innritunartíma farþega og farangurs, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

5. Endurnýjun og niðurfelling áðurgildandi almannþjónustukvaða

Almannþjónustukvaðirnar, sem hér birtast koma í stað kvaða sem birtust 24. ágúst 2006 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 199 og *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi ESB* nr. 160.

- Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta
- Hasvik–Tromsø (báðar leiðir), Hasvik–Hammerfest (báðar leiðir), Sørkjosen–Tromsø (báðar leiðir)

6. Upplýsingar

Nánari upplýsingar gefur:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
0030 OSLO

Sími + 47 22 24 83 53, bréfasími + 47 22 24 56 09

*VIÐAUKI A – Ákvæði um breytingar á sætaframboði***1. Tilgangur ákvæðis um breytingar á sætaframboði**

Tilgangur ákvæðisins um breytingar á sætaframboði er að tryggja að sætaframboð flugrekanda fylgi breytingum á eftirspurn. Fjölgi farþegum verulega, þannig að sætanýting fari umfram það sem tilgreint er hér á eftir, er flugrekanda skylt að auka sætaframboð. Jafnframt er flugrekanda heimilt að draga úr sætaframboði ef farþegum fækkar verulega. Sjá reglurnar í 3. mgr. hér á eftir.

2. Viðmiðunartímabil vegna sætanýtingar

Útreikningur á sætanýtingu skal miðast við tímabilin frá og með 1. janúar til og með 30. júní og frá og með 1. ágúst til og með 30. nóvember.

3. Skilyrði fyrir auknu eða minnkuðu sætaframboði*3.1. Skilyrði fyrir auknu framboði*

3.1.1. *Skylt* er að auka sætaframboð ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið, sem fellur undir almannaþjónustukvaðir, er umfram 80 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum er umfram 80 af hundraði á tímabilunum sem um getur í 2. mgr., öðru eða báðum, ber flugrekanda að auka sætaframboð á leiðunum um 10 af hundraði að minnsta kosti eigi síðar en við upphaf næstu IATA-umferðartíðar á eftir. Sætaframboð skal aukið nægilega mikið til að meðalsætanýting verði ekki umfram 80 af hundraði.

3.1.2. Þegar sætaframboð er aukið í samræmi við ofangreint er flugrekanda heimilt, ef hann svo kýs, að nota vegna viðbótarinnar loftför sem rúma færri farþega en tilgreint var í upphaflegu útboðsgögnunum.

3.2. Skilyrði fyrir minnkuðu framboði

3.2.1. *Heimilt* er að draga úr sætaframboði ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið, sem fellur undir almannaþjónustukvaðir, nær ekki 35 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum nær ekki 35 af hundraði á tímabilunum sem um getur í 2. mgr., öðru eða báðum, er flugrekanda *heimilt* að draga úr sætaframboði um allt að 25 af hundraði á þeim leiðum frá fyrsta degi að telja eftir að fyrrnefndum tímabilum lýkur.

3.2.2. Á leiðum, sem flognar eru oft en tvisvar á dag í hvora átt, skal draga úr sætaframboði í samræmi við undirmálgrein 3.2.1 með því að fækka ferðum. Aðeins er heimilt að víkja frá þessu ef flugrekandi notar loftfar sem rúmar fleiri farþega en mælt er fyrir um í almannaþjónustukvöðunum. Honum er þá heimilt að nota minna loftfar sem þó skal rúma jafnmarga farþega og mælt er fyrir um í almannaþjónustukvöðunum.

3.2.3. Á leiðum, sem aðeins eru flognar einu sinni eða tvisvar á dag í hvora átt, er aðeins heimilt að draga úr sætaframboði með því að nota loftfar sem rúmar færri farþega, jafnvel þótt það hafi í för með sér að sætaframboð verði minna en mælt er fyrir um í almannaþjónustukvöðunum.

4. Málsmeðferð við breytingar á sætaframboði

4.1. Norska samgönguráðuneytið hefur með höndum að samþykkja áætlanir flugrekanda, að meðtöldum breytingum á sætaframboði. Vísad er til dreifibréfs samgönguráðuneytisins N-3/2005, sem fylgir útboðsgögnunum.

4.2. Ef fyrirhugað er að draga úr sætaframboði í samræmi við lið 3.2 skal senda hlutaðeigandi fylkisstjórnum afrit af nýrri áætlun og gefa þeim nægan tíma til athugasemda áður en breytingin kemur til framkvæmda. Ef nýja áætlunin felur í sér breytingar sem brjóta gegn öðrum ákvæðum almannaþjónustukvaðanna en um ferðafjöldi og sætaframboð ber að leita samþykkis samgönguráðuneytisins við áætluninni.

4.3. Ef fyrirhugað er að auka sætaframboð í samræmi við undirmálgrein 3.1 skulu flugrekandi og hlutaðeigandi fylkisstjórn(ir) koma sér saman um áætlun vegna þeirrar aukningar.

4.4. Ef fyrirhugað er að auka sætaframboð í samræmi við undirmálgrein 3.1 og ekki næst samkomulag um áætlun milli flugrekanda og hlutaðeigandi fylkisstjórna(r) í samræmi við undirmálgrein 4.3 er flugrekanda heimilt að leita samþykkis samgönguráðuneytisins fyrir nýrri áætlun vegna aukins sætaframboðs í samræmi við undirmálgrein 4.1. Þetta merkir ekki að flugrekanda sé heimilt að leita samþykkis fyrir áætlun sem felur ekki í sér tilskilda aukningu á framboði. Gildar ástæður verða að liggja fyrir eigi ráðuneytið að fallast á tillögur sem víkja frá því sem hlutaðeigandi fylkisstjórnir treysta sér til að samþykkja.

5. Óbreytt styrkgreiðsla þótt sætaframboð breytist

- 5.1. Styrkgreiðsla til flugrekanda helst óbreytt þótt sætaframboð sé aukið í samræmi við undirmálgrein 3.1.
- 5.2. Styrkgreiðsla til flugrekanda helst óbreytt þótt dregið sé úr sætaframboði í samræmi við undirmálgrein 3.2.

VIÐAUKI B – Ákvæði um félagslega afslætti

1. Eftirtaldir hópar eiga rétt á félagslegum afslætti á flugleiðum sem norska samgönguráðuneytið styrkir í samræmi við áhvílandi almannaþjónustukvaðir:
 - a) Farþegar sem eru 67 ára eða eldri á brottfarardegi.
 - b) Blindir, 16 ára og eldri.
 - c) Öryrkjar, 16 ára og eldri, sem þiggja örorkulífeyri í samræmi við ákvæði 12. kafla norskra almannatryggingalaga (*Folketrygdloven*) nr. 19 frá 28. febrúar 1997 eða samsvarandi ákvæði í löggjöf annarra EES-ríkja.
 - d) Námsmenn, 16 ára og eldri, sem sækja sérskóla fyrir heymarskerta.
 - e) Maki/sambýlismaður, óháð aldri, eða annar nauðsynlegur fylgdarmaður farþega í hópunum sem um getur í stafliðum a)–d). Afsláttarþegi ákveður hvort hann þarf á fylgdarmanni að halda.
 - f) Farþegar sem hafa ekki náð 16 ára aldri á brottfarardegi.
2. Afsláttur farþega, sem um getur í 1. mgr., skal nema helmingi af hæsta grunnfargjaldi.
3. Afslátturinn gildir ekki þegar greiðandi fargjalds er ríkissjóður og/eða almannatryggingaskrifstofa.
4. Börn undir 2 ára aldri ferðast endurgjaldslaust ef þau eru í fylgd með fullorðnum farþega (16 ára eða eldri), að því tilskildu að þau þurfi ekki eigið sæti og fylgi hinum fullorðna alla leið.
5. Heimilt er að krefja farþega um eftirtalin gögn:
 - a) Farþegar, sem um getur í staflið a) í 1. mgr., skulu framvísa fullgildum skilríkjum með mynd og fæðingardegi.
 - b) Farþegar, sem um getur í stafliðum b) og c) í 1. mgr., skulu sanna rétt sinn til afsláttar með því að leggja fram opinber gögn frá norsku tryggingastofnuninni eða norsku blindrasamtökunum (*Norges Blindeforbund*). Ríkisborgarar annarra EES-ríkja skulu framvísa sambærilegum gögnum frá heimalandi sínu.
 - c) Þeir, sem um getur í staflið d) í 1. mgr., skulu sýna námsmannaskírteini og bréf frá almannatryggingaskrifstofu til staðfestingar á því að þeir þiggi styrk í samræmi við norsk almannatryggingalög. Ríkisborgarar annarra EES-ríkja skulu framvísa sambærilegum gögnum frá heimalandi sínu.

Áætlunarflug innanhéraðs í Finnörku og Norður-Troms (Noregi)**2009/EES/49/02****Útboð****1. Inngangur**

Stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að efna til nýs útboðs á áætlunarflugi innanhéraðs í Noregi á tímabilinu frá 1. apríl 2010 til 31. mars 2013.

Stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að breyta, frá 1. apríl 2010 að telja, almannafjónustukvöðum sem hvíla á áætlunarflugi innanhéraðs í Finnörku og Norður-Troms og birtar hafa verið í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽¹⁾. Upplýsingar um hinar breyttu almannafjónustukvaðir birtast í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 224, 17.9.2009) og í þessum EES-viðbæti (nr. 49, 17.9.2009).

Hafi enginn flugrekandi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út (sbr. 6. mgr.) til staðfestingar á því að hann geti hafið áætlunarflug 1. apríl 2010 í samræmi við breyttar almannafjónustukvaðir sem hvíla á einni eða fleiri útboðsleiðanna sem um getur í 2. mgr. þessarar auglýsingar, mun ráðuneytið láta fara fram útboð í samræmi við ákvæði staflíðar d) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92 og takmarka þannig við einn flugrekanda starfsemi á hverri leið, sem getið er í 2. mgr., frá 1. apríl 2010 að telja.

Útboðið er auglýst með það að markmiði að fá fram tilboð sem byggja má á þegar slíkt sérleyfi er veitt.

Helstu atriði útboðsskilmálanna eru tilgreind hér á eftir. Heildartexti útboðsauglýsingarinnar er birtur á slóðinni <http://www.regjeringen.no/en/dep/sd/Documents/Other-documents/Tenders>, og fæst jafnframt endurgjaldslaust hjá samgönguráðuneytinu:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 83 53
Bréfasími: + 47 22 24 56 09

Öllum bjóðendum er skylt að kynna sér útboðslýsinguna í heild.

2. Þjónusta sem útboðið tekur til

Útboðið tekur til áætlunarflugs sem haldið er úti á tímabilinu frá 1. apríl 2010 til 31. mars 2013 í samræmi við almannafjónustukvaðirnar sem um getur í 1. mgr. Auglýsingin tekur til eftirtalinnna flugsvæða og samsvarandi útboða:

Flugsvæði 1

- Flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta

Flugsvæði 2

- Hasvik–Tromsø, Hasvik–Hammerfest, Sørkjosen–Tromsø

Flugrekendum er bent á að gera tilboð í flugsvæðin tvö í einu lagi, einkum ef það gerir þeim kleift að lækka heildarkröfu um greiðslu fyrir flugsvæðin. Bjóðendum er skylt að gera einnig tilboð í hvert flugsvæði sérstaklega ef svo skyldi fara að aðeins verði tekið tilboði þeirra í annað svæðið.

⁽¹⁾ Reglugerð 2408/92 frá 23. júlí 1992 hefur nú vikið fyrir reglugerð 1008/2008 frá 24. september 2008. Reglugerð 1008/2008 hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Lagaheimild fyrir þessu útboði er því reglugerð ráðsins 2408/92 sem gildir sem norsk reglugerð.

Ef bjóðendur taka þann kost að gera tilboð í heimilar samsetningar flugsvæða ber þeim einnig að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir hvert flugsvæði sérstaklega. Í kostnaðaráætluninni skal gera grein fyrir skiptingu gjalda og tekna á hvert flugsvæði í hinu samsetta tilboði og tilgreina með skýrum hætti hversu hárrar greiðslu er krafist fyrir hvert flugsvæði.

Ef flugrekandi leggur fram tilboð án þess að fara fram á styrk verður það túlkað sem ósk um heimild til að reka flugleiðina með sérleyfi en án styrks frá norska ríkinu.

3. Réttur til að gera tilboð

Öllum flugrekendum með gilt flugrekstrarleyfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum eða reglugerð 1008/2008 frá 24. september 2008 er heimilt að gera tilboð.

4. Útboðstillhögun

Útboðið fellur undir ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, liðanna d–i, og 4. gr. norskrar reglugerðar nr. 256 frá 15. apríl 1994 um útboðstillhögun í tengslum við almannajónustukvaðir til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Innkaupin fara fram í opnu útboði.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að leita eftir samningum í kjölfar útboðsins berist aðeins eitt tilboð áður en tilboðsfresturinn rennur út eða sé öllum tilboðum nema einu vísað frá. Í slíkum samningum ber að taka mið af áhvilandi almannajónustukvöðum. Jafnframt er aðilum óheimilt að gera í slíkum samningum umtalsverðar breytingar á upphaflegum útboðsskilmálum. Ef samningar í kjölfar útboðs leiða ekki til viðunandi niðurstöðu áskilur samgönguráðuneytið sér rétt til að aflýsa útboðinu í heild. Er þá heimilt að birta nýja útboðslýsingu með nýjum skilmálum.

Berist ekkert tilboð getur samgönguráðuneytið ákveðið innkaup með samningum án þess að auglýsa það fyrirfram. Er þá óheimilt að gera umtalsverðar breytingar á upphaflegum almannajónustukvöðum eða öðrum samningsskilmálum. Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum ef gildar ástæður til þess koma fram í kjölfar útboðsins.

Tilboð eru bindandi fyrir bjóðendur þar til framkvæmd útboðs er lokið eða samningur hefur verið gerður.

5. Tilboð

Tilboð skulu gerð í samræmi við ákvæði 5. mgr. útboðsskilmálanna, að meðtöldum ákvæðum um almannajónustu.

6. Skil tilboða

Frestur til að skila tilboðum rennur út **mánudaginn 19. október 2009 kl. 12:00** (að staðartíma). Tilboðin verða að berast samgönguráðuneytinu á pósthöfund, sem tilgreint er í 1. mgr., áður en tilboðsfresturinn rennur út.

Tilboð skulu annaðhvort afhent í afgreiðslu samgönguráðuneytisins eða send með pósti eða boðsendingu.

Tilboðum, sem berast of seint, verður vísað frá. Berist tilboð eftir að tilboðsfrestur rennur út, en áður en tilboð eru opnuð, verður þeim þó ekki vísað frá ef ljóst þykir að þau hafi verið send nógu snemma til að berast fyrir tilsettan tíma við eðlilegar ástæður. Kvittun fyrir afhendingu sendingar gildir sem staðfesting á afhendingu og afhendingartíma.

Tilboðum skal skila í þremur (3) eintökum.

7. Gerð samnings

- 7.1 Fylgt verður þeirri meginreglu að gera samning á grundvelli þess tilboðs sem hefur í för með sér lægstar greiðslur fyrir hvert flugsvæði, eða hverja heimila samsetningu flugsvæða, á samningstímanum frá 1. apríl 2010 til 31. mars 2013 í heild.
- 7.2 Nú berast tilboð í heimilar samsetningar flugsvæða samkvæmt 2. mgr. sem fela ekki í sér kröfu um greiðslu, heldur aðeins ósk um sérleyfi í samræmi við síðasta málslið 2. mgr., og skal slíkum tilboðum þá tekið þrátt fyrir ákvæði undirliðar 7.1. Ákvæði undirliðar 7.1 gilda að öðru leyti um þau flugsvæði önnur sem útboðið tekur til.
- 7.3 Reynist ókleift að velja milli tilboða vegna þess að farið er fram á jafnháa greiðslu í tveimur eða fleiri tilboðum skal tekið því tilboði sem hefur í för með sér mesta sætaframboðið á samningstímanum í heild.

8. Samningstími

Samningstími verður í öllum tilvikum frá 1. apríl 2010 til 31. mars 2013. Samningi verður ekki sagt upp nema í þeim tilvikum sem getið er í samningsskilmálunum, sjá 11. mgr. hér á eftir.

9. Styrkgreiðsla

Flugrekandi á rétt á styrkgreiðslu frá samgönguráðuneytinu í samræmi við samninginn sem gerður er í kjölfar útboðsins. Styrkurinn skal tilgreindur fyrir hvert rekstraráranna þriggja og samningstímann í heild.

Styrkgreiðslan skal haldast óbreytt fyrsta rekstrarárið.

Greiðsla fyrir annað og þriðja rekstrarár verður endurreiknuð á grundvelli kostnaðaráætlunarinnar að teknu tilliti til leiðréttingar á rekstrartekjum og gjöldum. Slíkar breytingar verða að rúmast innan marka hækkunar á neysluvísitölu norsku hagstofunnar á því tólf mánaða tímabili sem lýkur 15. febrúar sama ár.

Styrkgreiðslan skal haldast óbreytt þótt sætaframboð sé aukið eða minnkað í samræmi við ákvæði annarrar málsgreinar undirliðar 5.1 í samningsskilmálunum.

Gerður er fyrirvari um að styrkgreiðslan rúmist innan fjárveitingar samgönguráðuneytisins í samþykktum fjárlögum Stórþingsins.

Flugrekandi skal halda eftir öllum tekjum af starfseminni. Verði tekjur meiri eða útgjöld minni en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætluninni skal flugrekandi njóta þess. Á sama hátt er samgönguráðuneytinu ekki skylt að mæta halla sem kann að verða á kostnaðaráætluninni.

Flugrekanda er skylt að greiða öll opinber gjöld, þar með talin flugrekstrargjöld.

Með fyrirvara um hugsanlegar skaðabótakröfur skal styrkgreiðslan lækkuð í hlutfalli við heildarfjölda flugferða sem aflýst er af ástæðum sem rekja má beint til flugrekanda, enda sé þar um að ræða meira en 1,5 af hundraði fyrirhugaðs fjölda flugferða á rekstrarárinu samkvæmt samþykktri áætlun.

10. Endurskoðun samnings

Ef efnislegar eða ófyrirséðar breytingar verða á forsendum samningsins á samningstímanum er báðum aðilum heimilt að óska eftir viðræðum um endurskoðun samningsins. Ósk um slíkt verður að koma fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að slíkar breytingar koma í ljós.

Efnislegar breytingar á opinberum gjöldum, sem flugrekanda ber að greiða, eru ávallt gild ástæða til endurskoðunar samnings.

Ef ný ákvæði í lögum eða reglugerðum, eða reglum Flugmálastjórnar, raska forsendum flugrekanda um notkun flugvallar skulu samningsaðilar leitast við að ná samkomulagi um breytingar á samningnum til þess að gera flugrekanda kleift að halda rekstrinum áfram til loka samningstímans. Náist ekki samkomulag öðlast flugrekandi rétt til bóta samkvæmt reglum um rekstrarstöðvun eða lokun (sbr. 11. mgr. hér á eftir) eftir því sem við á.

11. Uppsögn samnings vegna samningsbrots eða ófyrirséðra breytinga í mikilvægum atriðum

Með fyrirvara um ákvæði gjaldþrotalaga er samgönguráðuneytinu heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál, verður gjaldþrota eða lendir í stöðu af því tagi sem um er fjallað í annarri málsgrein 14. gr. norskrar reglugerðar nr. 256 frá 15. apríl 1994 um útboðstillögum í tengslum við almannajónustukvaðir.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi missir flugrekstrarleyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Nú hefur flugrekandi verið ófær um að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum, af óviðráðanlegum ástæðum eða af öðrum sökum sem eru ekki í valdi hans, og er báðum aðilum þá heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Nú er flugvelli lokað samkvæmt ákvörðun Stórbingsins eða Flugmálastjórnar og falla venjulegar skuldbindingar samningsaðila þá niður um leið og rekstur flugvallarins stöðvast eða honum er lokað í raun.

Nú líður lengri tími en eitt ár frá því að flugrekanda er fyrst tilkynnt að rekstur flugvallar verði stöðvaður eða honum lokað og þar til rekstur stöðvast eða veltinum er lokað í raun og öðlast hann þá ekki rétt til bóta vegna taps í kjölfar uppsagnar á samningnum. Ef þessi tími er styttri en eitt ár öðlast flugrekandi rétt til bóta sem nægja til að færa fjárhagsstöðu hans í sama horf og verið hefði ef rekstri hefði verið haldið áfram í eitt ár eftir að honum var tilkynnt að rekstur flugvallarins yrði stöðvaður eða honum lokað, þó aðeins til 31. mars 2013 ef þann dag ber upp fyrir.

Nú vanefnir samningsaðili samninginn í mikilvægum atriðum og er hinum samningsaðilanum þá heimilt að segja honum upp fyrirvaralaust.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2009/EES/49/03

frá 13. maí 2009

í máli E-6/08

Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – tilskipun 2002/91/EB um orkunýtingu bygginga)

Hinn 13. maí 2009 felldi dómstóllinn dóm í máli E-6/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku 6.–10. gr. gerðarinnar sem um getur í 17. lið IV. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB frá 16. desember 2002 um orkunýtingu bygginga, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi norska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 15. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull og Þorgeir Örlygsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku 6.–10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB frá 16. desember 2002 um orkunýtingu bygginga hefur norska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.
2. Norska ríkið greiði málskostnað.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5519 – E.ON/Electrabel Acquired Assets)

2009/EES/49/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið E.ON AG („E.ON“), öðlast að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í tveimur orkuverum og nýtingarrétti á raforkuframleiðslugetu í Belgíu og Hollandi sem keypt yrðu af belgíska fyrirtækinu Electrabel S.A./N.V. („Electrabel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - E.ON: framleiðsla og sala á raforku og jarðgasi í ýmsum Evrópulöndum
 - Electrabel: framleiðsla og sala á raforku og jarðgasi; fyrirtækið tilheyrir fjölþjóðlegu iðn- og þjónustusamsteypunni GDF SUEZ SA sem starfar á sviði raforku, jarðgass, orkuþjónustu, vatnsveitu og sorpumsýslu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 222, 15. september 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5519 – E.ON/ Electrabel Acquired Assets, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5626 – Adecco/Spring)

2009/EES/49/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. september 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Adecco SA öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 11. ágúst 2009, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Spring Group PLC („Spring“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Adecco: starfsmanna- og ráðningarþjónusta víða um heim, m.a. afleysingaþjónusta, varanlegar ráðningar, ráðgjöf og útvistun
 - Spring: starfsmanna- og ráðningarþjónusta víða um heim, m.a. afleysingaþjónusta, varanlegar ráðningar og umsýsla með sérlausnum, einkum í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 225, 18. september 2009). Þær má senda með símbreði (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5626 – Adecco/Spring, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Belgía**2009/EES/49/06****Málsnúmer C 18/09 (áður N 360/09) – Endurfjármögnun og endurskipulagning eignasafns KBC****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 216, 10.9.2009, bls. 10.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Austurríki**2009/EES/49/07****Málsnúmer C 24/09 (áður N 446/08) – Austurrísk lög um „græna“ raforku – Heimild til að niðurgreiða raforku til stórnotenda****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 217, 11.9.2009, bls. 12.](#)

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22951242

Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2009/EES/49/08
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Svíþjóð
Flugleið	Storuman–Stockholm (Arlanda)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. janúar 2010
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Näringsdepartementet Trafikenheten SE-103 33 Stockholm SWEDEN Sími (skiptiborð): +46 84051000 Sími (beint númer): +46 84055096 eða +46 84053629 Bréfasími: +46 84052298 (Upplýsingar gefur: Yosef Belachew eða Lars Österberg) Netfang: yosef.belachew@enterprise.ministry.se lars.osterberg@enterprise.ministry.se

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2009/EES/49/09
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flug-
rekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Svíþjóð
Flugleið	Storuman (SQO)–Arlanda (ARN)
Samningstími	11. janúar 2010–31. október 2011
Frestur til að skila tilboðum	2. nóvember 2009
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Storumans Flygplats AB SE-920 51 Gunnarn SWEDEN sími +46 095115445 Bréfasími: +46 095140130 (Upplýsingar gefur: Mikael Fredriksson, flugvallarstjóri) Farsími: +46 0706643604 Netfang: mikael@storumansflygplats.se Vefsetur: http://www.storumansflygplats.se

Álit framkvæmdastjórnarinnar frá 19. ágúst 2009 um ráðstafanir til að fylgja eftir áliði hennar frá 7. janúar 2008 á tímabundnum ráðstöfunum stjórnvalda í Danmörku vegna hraðvirkra þrýsti-/sogs-öryggisloka með logaskermi af gerðinni HPV sem fyrirtækið Se-won Ind Co. í Kóreu framleiðir

2009/EES/49/10

Ofangreint álit hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([C 213, 8.9.2009](#), bls. 1).